

DREKASKÁTAMÓT 2023

ÞRIÐJA UPPLÝSINGABRÉF MÓTSTJÓRNAR



DISKÓ-DREKAR Á ÚLFLJÓTSVATNI

Drekaskátamót verður haldið helgina 2.-4. júní 2023

Kæri dagskrárforingi / drekaskátaforingi / félagsforingi / fararstjóri. Nú er stutt í diskó-drekar taki yfir Úlfljótsvatn og því sendum við þriðja upplýsingabréfið sem verður svo áfram að finna ásamt fyrri tveimur upplýsingabréfum á [viðburðarsíðu Drekaskátamóts á skatarnir.is](http://viðburðarsíðu.Drekaskátamóts.á.skatarnir.is).

Við minnum á að skráningarfrestur var framlengdur til 17. maí, fararstjóri allra félaga sem hafa tilkynnt komu sína á mótið hafa aðgang að skráningu síns félags í Sportabler kerfinu.

Laugardaginn 20. maí klukkan 15:30-16:30 verður upplýsingafundur fyrir fararstjóra í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123. Fararstjórar utan af landi geta tengst fjarfundum með því að [smella hér](http://smella.hér).

Við biðjum félögin að skrá alla foringja sem koma með félaginu, það er gert með að senda nöfn þeirra og kennitölu á drekaskatamot@skatarnir.is eða á sigurgeir@skatarnir.is þá verða þau færð inn í Sportabler sem „aðstoðarmaður“ í hópi skátafélagsins.

Eftirfarandi eru svo nokkrir punktar til að hafa í huga fram að móti:

1. Við biðjum félög að mæta á bílaplanið milli JB og DSÚ. Þegar félag mætir skal fararstjóri mæta að innritunarborði í strýttunni og skrá félagið inn.
2. Tjaldsvæði mótsins er á hvítasunnuflötunum milli strýttunnar og bátahafnar skátanna í Úlfljótsvatni við biðjum fólk að halda bílaumferð um svæðið í lágmarki og keyra ekki inn á flatirnar eftir að drekaskátar eru mættir á svæðið. Þau félög sem vilja fylgjast að á tjaldflöt og í dagskrá skulu senda línu á drekaskatamot@skatarnir.is svo við getum tryggt það.
3. Félagið þarf að koma með sitt eigið matartjald og mataráhöld, mótið verður með nokkur kolagrillum við strýttuna sem félögin geta notað ef þau vilja með eigin kolum.
4. Við mælum með að fararstjórar noti [sniðmát að upplýsingabréfi um mótið](http://sniðmát.á.upplýsingabréfi.um.mótið) þar sem má meðal annars að finna útbúnaðarlista til að tryggja að drekaskátarnir komi vel búin.
5. Félög geta mætt fimmtudagskvöldið eða snemma á föstudaginn fyrir mót til að setja upp matartjöld ef þau vilja.
6. Við minnum á að fyrir hverja 10 drekaskáta sem félagið sendir á mótið fá þau niðurgreitt þátttökugjald fyrir einn foringja.



